



## Vinna við lagnaskurð sunnan Barnaspítala, framkvæmdir við gamla spítalann, framkvæmdir við Læknagarð og sjúklingabílastæði við Eirberg

Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda:

### 1. Vinna við lagnaskurð við Barnaspítala (sjá nr. 1 á korti)



- Framkvæmdir standa yfir við lagnaskurð sunnan Barnaspítala. Fljótlega verður byrjað á þverun Laufásvegur niður við Gömlu Hringbraut. Áætlað er að sá verkþáttur taki um fimm vikur og á meðan verður Laufásvegur lokaður milli Gömlu Hringbrautar og Barónsstígs. Gert er ráð fyrir að búið verði að fylla aftur í skurðinn frá Laufásvegi að aðalanddyri Barnaspítalans um miðjan desember.
- Athygli er vakin á því að einungis er leyfilegt að sprengja þrisvar sinnum yfir daginn, kl. 11:00, kl. 14:30 og kl. 17:30

### 2. Framkvæmdir við gamla spítalann (sjá nr. 2 á korti)



- Gatnagerð fyrir framan gamla spítalann er hafin og hefur orðið fækkun þar á bílastæðum. Athygli er vakin á nýjum bílastæðum við BSÍ. Í vikunni er gert ráð fyrir að byrjað verði að fjarlægja tröppur framan við gamla spítala og vinna við það taki um tíu daga.

---

### 3. Framkvæmdir neðan Gömlu Hringbrautar og við Læknagarð



• Verktaki er að vinna við gatnagerð neðan Gömlu Hringbrautar og undirbúa athafnasvæði fyrir verktaka sem verður á gamla Alaska reitnum. Einnig er verktaki að byrja gröft fyrir meðferðarkjarna neðan Gömlu Hringbrautar og setja upp þvottastöð fyrir vinnuvélar á malarplaninu við Læknagarð. (sjá nr. 3 á korti). Bílastæði neðan Gömlu Hringbrautar eru því meira og minna að fara undir framkvæmda-svæði. Fyrirhugað er að stækka eins og hægt er bílplan vestan Læknagarðs (sjá nr. 4 á korti).

---

### 4. Sjúklingabílastæði við Eirberg (sjá nr. 5 á korti)



Unnið er að gerð nýrra bílastæða fyrir sjúklinga við Eirberg. Lokið verður við gerð nýrra bílastæða vestan við Eirberg í vikunni og framkvæmdir við bílastæði norðan við Eirberg hefjast í næstu viku.

---

### 5. Jarðvinna fyrir tengigang frá aðalinngangi Barnaspítala

• Áætlað er að byrja á jarðvinnu fyrir tengigang frá aðalinngangi Barnaspítala í síðustu viku nóvember. Uppsteypun, fylling og malbikun á því svæði mun standa fram til lok janúar. Á þessum sama tíma er verið að vinna stóra lagnaskurðinn og götustæði Efri götu frá tengiganginum til austurs framhjá Kvennadeild og svo enn lengra í austur framhjá gamla spítalanum.

---

### 6. Vinna við inngarð Barnaspítala

• Áætlað er að vinna við inngarð við Barnaspítala hefjist um miðjan desember og að þeirri vinnu ljúki í lok janúar 2019. Það hefur komið í ljós að sú aðgerð er öllu viðameiri en upphaflega var áætlað.

---

### 7. Lokun Gömlu Hringbrautar 7. janúar 2019 vegna jarðvinnu meðferðarkjarnans.

Stefnt er að lokun Gömlu Hringbrautar 7. janúar sem hafa breytingar í för með sér á umferð og samgöngum m.a. á leiðakerfi Strætó bs. Lokun Gömlu Hringbrautar markar upphaf á jarðvinnu fyrir meðferðarkjarnann.


---

\*Nánari upplýsingar í næstu framkvæmdafréttum



## Skýringarmynd

Á eftirfarandi korti eru sýndir hringir utan um þau svæði þar sem framkvæmdir standa yfir.



### Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið [asbjorn@nlsh.is](mailto:asbjorn@nlsh.is)

Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið [olafur.b@fsr.is](mailto:olafur.b@fsr.is)

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða [magnus@nlsh.is](mailto:magnus@nlsh.is).

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 [stefanh@landspitali.is](mailto:stefanh@landspitali.is) og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 [bgisla@hi.is](mailto:bgisla@hi.is)